



## FJÖLMÍÐLANEFND

2. febrúar 2015  
Ákvörðun nr. 1/2015

### Sýning á efni sem ekki er við hæfi barna fyrir vatnaskil á RÚV

#### I. Málsmeðferð

##### 1.

Fjölmiðlanefnd ákvað, á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, að taka til athugunar hvort Ríkisútvarpið hefði brotið gegn 1. mgr. og 2. mgr. 28. gr. laganna sem fjallar um vernd barna gegn skaðlegu efni.

Með bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins, dags. 13. janúar 2015, var vakin athygli á því að föstudaginn 9. janúar 2015 hefði kvikmyndin GoldenEye verið sýnd kl. 20:55 á RÚV. Myndin hafi verið auðkennd með gulu, sjónrænu merki sem hafi gefið til kynna að efni myndarinnar væri ekki talið við hæfi barna yngri en 12 ára.

Í framangreindu bréfi lýsti fjölmiðlanefnd því að nefndin teldi að um hugsanlegt brot gegn 1. mgr. 28. gr., sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla, væri að ræða og óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu um hvaða sjónarmið hefðu legið því til grundvallar að myndin var talin hæf til sýningar í sjónvarpi hjá RÚV fyrir kl. 22:00 föstudagskvöldið 9. janúar 2015.

Þess var óskað að skýringar og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 23. janúar 2015.

##### 2.

Svar barst frá Ríkisútvarpinu dags. 23. janúar sl. þar sem fram kom að þessa óheppilegu dagskrársetningu hjá RÚV væri að rekja til þess að umrætt kvöld hafi verið bein útsending frá landsleik í handbolta karla sem hafi varað nokkru skemur en gert hafi verið ráð fyrir í dagskrársetningu. Auk þess hafi verið tekin ákvörðun með of skömmum fyrirvara um að falla frá dagskrárliðnum Útsvari, sem hafi átt að vera í sýningu milli landsleiksins og GoldenEye, þar sem dagskrárliðurinn skaraðist við íþróttautsendinguna. Þetta hafi leitt til þess að GoldenEye hafi farið í loftið klukkutíma fyrr en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir í



## FJÖLMÍÐLANEFND

dagskrársetningu umrætt kvöld. Fram kom í bréfi Ríkisútvarpsins að dagskrárdeild sjónvarps harmi þessi mistök sem leitt hafi til þess að kvikmynd sem ekki sé talin við hæfi barna yngri en 12 ára hafi farið klukkutíma fyrir í loftið umrætt kvöld en lög geri ráð fyrir, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla.

### II. Niðurstaða

#### 1.

Í 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er fjallað um vernd barna gegn skaðlegu efni. Þar segir í 1. mgr. að óheimilt sé að miðla efni sem haft getur skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Ákvæði 28. gr. tekur til hljóð- og myndmiðla sem miðla efni handa almenningi hér á landi. Í athugasemdum við 28. gr. í frumvarpi því er varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að ákvæðið eigi sér samsvörun í almennu ákvæði um vernd barna í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB, sem innleidd var með lögum um fjölmiðla.

Lög um fjölmiðla nr. 38/2011, líkt og hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB, byggja á tveggja þrepa kerfi hvað vernd barna varðar. Í fyrsta lagi er alfarið bannað að sýna í línulegri dagskrá efni sem getur haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, sbr. 3. mgr. 28. gr. Í öðru lagi eru gerðar undantekningar frá 1. mgr. 28. gr. þegar um er að ræða efni sem haft getur *skaðvænleg áhrif* á börn. Þar á meðal sú undantekning að heimilt er að miðla slíku efni í línulegri dagskrá eftir kl. 22 á föstudags- og laugardagskvöldum og eftir kl. 21 önnur kvöld vikunnar og til 5 á morgnana, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. Skilyrði er að á undan efninu sé birt skýr viðvörðun og að efnið sé auðkennt með sjónrænu merki allan tímann sem því er miðlað. Þessi regla hefur verið kölluð vatnaskilaákvæðið, þar sem skilgreind tímasetning markar vatnaskil varðandi það hvenær heimilt er að sýna efni sem ekki er við hæfi barna.

Það er á ábyrgð fjölmiðlaveitna að vatnaskilaákvæðinu sé framfylgt. Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með því að vernd barna sé virt, samkvæmt fyrirmælum laga um fjölmiðla.

#### 2.

Kvikmyndin GoldenEye var sýnd föstudagskvöldið 9. janúar 2015 á RÚV og hófst sýning hennar kl. 20:55. Kvikmyndin var auðkennd með gulu merki sem þýðir að myndin er ekki talin við hæfi barna yngri en 12 ára. Það mat RÚV er í samræmi við aldursmat skv. skoðunarkerfinu Kijkwijzer frá NICAM en í gagnagrunni þess kemur fram að myndin sé ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.

Í svari Ríkisútvarpsins dags. 23. janúar 2015 kemur fram að dagskrárdeild sjónvarps harmi þessi mistök sem hafi leitt til þess að kvikmynd sem ekki sé talin við hæfi barna yngri en 12 ára hafi farið klukkutíma fyrir í loftið umrætt kvöld en lög geri ráð fyrir, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr. laga



## FJÖLMIDLANEFND

um fjölmiðla. Í ljósi svara Ríkisútvarpsins þykir fjölmiðlanefnd ekki ástæða til að senda Ríkisútvarpinu sérstakt andmælaskjal til að óska eftir frekari skýringum og sjónarmiðum vegna málsins.

Það er niðurstaða fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með því að sýna kvikmyndina GoldenEye fyrir kl. 22:00 föstudagskvöldið 9. janúar 2015, enda sé óheimilt að miðla efni, sem ekki er metið við hæfi barna yngri en 12 ára, í línulegri dagskrá fyrr en eftir kl. 22:00 á föstudags- og laugardagskvöldum, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr.

Samkvæmt 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 28. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. Með vísan til þessa sem og að um fyrsta brot er að ræða hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

### III. Ákvörðunarorð

„Ríkisútvarpið ohf. braut gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu kvikmyndarinnar GoldenEye föstudaginn 9. janúar 2015 kl. 20:55 á RÚV.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Karl Axelsson

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Arna Schram

Hulda Árnadóttir